

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B58-61

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prentteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 58-61

Nr. 452-467

2005

Efnisyfirlit B 58–61 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
452	4. maí	Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík	841
453	6. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 196/2003 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum	842
454	9. maí	Reglugerð um rækjuveiðar á Breiðafirði 2005	843
455	11. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	844
456	12. maí	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi	844-845
457	22. apríl	Auglýsing um skrár Akureyrarbæjar samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 eins og þeim hefur verið breytt með lögum nr. 70/1996	846-848
458	10. maí	Reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði ...	849-853
459	3. maí	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Ólafsfjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 989/2001, með síðari breytingum	853-855
460	4. maí	Auglýsing um meðhöndlun leigusamninga í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga	855-857
461	9. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi V. áfanga Giljahverfis, Akureyri	857
462	9. maí	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559 5. júlí 2001, með áorðnum breytingum	858
463	3. maí	Gjaldskrá Geislavarna ríkisins fyrir árið 2005	859-860
464	15. apríl	Reglur um takmörkun á fjölda nemenda við innritun í Háskólann á Akureyri	861-862
465	15. apríl	Reglur um breytingu á reglum nr. 888/1999 fyrir Háskólann á Akureyri	862-863
466	4. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 857/1999, um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna	863
467	15. apríl	Reglur um breytingar á reglum nr. 389/2004 um takmörkun á fjölda þeirra sem hefja nám á vormisseri 2006 á 1. námsári í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri	864

STJÓRNARTÍÐINDI B 58 – 2005

4. maí 2005

841

Nr. 452

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Stekkjarbrekkur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 28. október 2004 deiliskipulag fyrir Stekkjarbrekkur, atvinnulóðir á miðsvæði við Vesturlandsveg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Seljahverfi – Kleifarsel 28.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 17. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Seljahverfi, lóðina Kleifarsel 28, Seljaskóli.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 4. maí 2005.

Helga Bragadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 196/2003 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum.

1. gr.

Á eftir ákvæði til bráðabirgða komi ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 4. gr. er þeim nemendum sem úrskrifast með stúdentspróf í lok vorannar 2005 ekki skylt að hafa þreytt samræmd stúdentspróf í tveimur námsgreinum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 6. maí 2005.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 59 – 2005

9. maí 2005

843

Nr. 454

REGLUGERÐ

um rækjuveiðar á Breiðafirði 2005.

1. gr.

Á tímabilinu 11. maí til 30. júní 2005, er skipum sem eru 105 brl. að stærð eða minni og skráð eru frá höfnum á norðanverðu Snæfellsnesi og gerð þaðan út, heimilt að stunda rækjuveiðar á Breiðafirði, sunnan 65°10'N og utan línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Krossnessvita. Við veiðar á þessu svæði skal varpa skipanna búin seiðaskilju, sbr. reglugerð nr. 396, 22. apríl 2005. Afli sem fenginn er við þessar veiðar reiknast til úthafs-rækjuafla skipsins.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. maí 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 60 – 2005

Nr. 455

844

11. maí 2005

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Kvisthagi 6.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 27. apríl 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hjarðarhaga/Kvisthaga, vegna lóðarinnar Kvisthagi 6.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Mariúbaugur 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 27. apríl 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarholt, svæði 1, vegna lóðar Ingunnarskóla að Mariúbaugi 1.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 11. maí 2005.

Helga Bragadóttir.

Nr. 456

12. maí 2005

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjarreits.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 22. apríl 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á miðbæjarreit á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í breyttri staðsetningu þeirra tveggja 10 hæða fjölbýlishúsa sem eru á reitnum, auk breytinga á fyrirkomulagi bílastæða og bílgeymsla. Byggingarreitur verslunarmiðstöðvar breytist einnig hvað varðar lögun og staðsetningu.

Gutenberg

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr., 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 12. maí 2005.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

Þorvaldur Vestmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 61 – 2005

Nr. 457

846

22. apríl 2005

AUGLÝSING

**um skrár Akureyrarbæjar samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga
um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986
eins og þeim hefur verið breytt með lögum nr. 70/1996.**

A. *Listi yfir þau störf sem falla undir 6. - 8. lið 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.*

Bæjarstjóri

Bæjarlögmaður

Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

Sviðsstjóri félagssviðs

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs

Framkvæmdastjóri Fasteigna Akureyrarbæjar

Jafnréttisráðgjafi

Starfsmannastjóri

Starfsfólk starfsmannþjónustu

Deildarstjóri búsetudeildar

Framkvæmdastjóri öldrunarheimila

Deildarstjóri skóladeildar

Deildarstjóri fjölskyldudeildar

Deildarstjóri íþrótt- og tómstundadeildar

Menningarfulltrúi

Hagsýslustjóri

Skrifstofustjóri ráðhúss

Markaðs- og kynningarstjóri

Deildarstjóri framkvæmdadeildar

Deildarstjóri umhverfisdeildar

Verkefnastjóri hagþjónustu

Innkaupastjóri

Aðalbókari

Forstöðumaður fjárreiðna

Verkefnastjóri upplýsinga- og kynningarmála

Hafnarstjóri

Yfirhafnarvörður

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Brekkuskóla

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Lundarskóla

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Giljaskóla

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Síðuskóla

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Glerárskóla

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Oddeyrarskóla

Skólastjóri Hlíðarskóla

- B. *Listi yfir þá sem falla undir 5. tölulið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.*

Slökkvistöð:

Slökkviliðsstjóri (1 stg.)

Starfsmenn slökkviliðs (29 stg.)

Stéttarfélög:

Landssamband slökkviliðsmanna

Kjölur/Landssamband slökkviliðsmanna

Framkvæmdamiðstöð:

Forstöðumaður framkvæmdamiðstöðvar (1 stg.) Kjölur

Búsetudeild:

Skrifstofustjóri (1 stg.) SFR

Hverfistjórar heimapjónustu (2 stg.) Kjölur

Forstöðumaður Vífíllundi (1 stg.) Kjölur

Sambýli fatlaðra:

Forstöðumenn (2 stg.)

Sambýlið Þrastarlundur (1 stg.) SFR

Sambýlið Byggðavegi 91 (1 stg.) SFR

Forstöðumenn (5 stg.)

Sambýlin Ægisgötu og Jörvabyggð Þroskaþjálfafélag Íslands

Skammtímavistun Skólastígs Þroskaþjálfafélag Íslands

Sambýlið Snægili 1 Þroskaþjálfafélag Íslands

Sambýlið Hafnarstræti 16 Þroskaþjálfafélag Íslands

Sambýlið Dvergagili 40 Þroskaþjálfafélag Íslands

Forstöðumaður (1 stg.)

Sambýlin Helgamagrastræti/
Þórunnarstræti/Dvergagili 3 Félag ísl. leikskólakennara

Forstöðumaður (1 stg.)

Sambýlin Skútagili 2 og Álfabyggð 4 Iðjuþjálfafélag Íslands

Deildarstjóri (1 stg.)

Sambýlið Þrastarlundi SFR

Deildarstjórar (2 stg.)

Sambýlið Hafnarstræti Þroskaþjálfafélag Íslands

Sambýlið Snægili 1 Þroskaþjálfafélag Íslands

Deildarstjórar (2 stg.)

Sambýlin Skútagili og Álfabyggð Iðjuþjálfafélag Íslands

Sambýlin Helgamagrastræti og Dvergagili 3 Iðjuþjálfafélag Íslands

Alm. starfsm.

Sambýlið Dvergagili 40 (0,6 stg.) Félags ísl. leikskólakennara

Fjölskyldudeild:

Verkefnastjóri í barnavernd	(1 stg.)	Kjölur
Forstöðumaður PBI	(1 stg.)	Iðjubjálfafélag Íslands

Öldrunarheimili Akureyrarbæjar:

Skrifstofustjóri	(1 stg.)	Kjölur
Skrifstofustörf	(1,4 stg.)	Kjölur
Forstöðumaður dagþjónustu	(1 stg.)	Kjölur

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hlíð:

Hjúkrunarforstjóri	(1 stg.)	Félag ísl. hjúkrunarfræðinga
Deildarstjórar	(5 stg.)	Félag ísl. hjúkrunarfræðinga
Hjúkrunarfræðingar	(6 stg.)	Félag ísl. hjúkrunarfræðinga

Sjúkraliðar	(11,8 stg.)	Kjölur
Iðnaðarmaður	(1 stg.)	Kjölur
Matsveinn	(1stg.)	Kjölur

Kjarnalundur, dvalarheimili aldraðra:

Deildarstjóri	(1 stg.)	Félag ísl. hjúkrunarfræðinga
---------------	----------	------------------------------

Sjúkraliðar	(1,9 stg.)	Kjölur
Bílstjóri	(1 stg.)	Kjölur

Hjúkrunarheimilið Skjaldarvík:

Deildarstjóri	(1 stg.)	Félag ísl. hjúkrunarfræðinga
---------------	----------	------------------------------

Samþýli aldraðra Bakkahlíð:

Forstöðumaður	(1 stg.)	Kjölur
---------------	----------	--------

Heilsugæslustöðin:

Framkvæmdastjóri		Kjaranefnd
Hjúkrunarforstjóri		Félag ísl. hjúkrunarfræðinga
Skrifstofustjóri	(1 stg.)	Kjölur
Móttökuritari	(2 stg.)	Kjölur
Yfirlæknir	(1 stg.)	Kjaranefnd
Heilsugæslulæknar	(10)	Kjaranefnd
Deildarstjóri heimahjúkrunar	(1 stg.)	Félag ísl. hjúkrunarfræðinga
Hópstjórar heimahjúkrunar	(2 stg.)	Félag ísl. hjúkrunarfræðinga
Deildarstjóri mæðraverndar	(1 stg.)	Félag ísl. hjúkrunarfræðinga

Eldri auglýsing nr. 85 frá janúar 2005 fellur úr gildi.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Bæjarstjórin á Akureyri, 22. apríl 2005.

Kristján Þór Júlíusson.

REGLUGERÐ

um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í lyfjakostnaði sjúkratryggðra einstaklinga samkvæmt reglugerð þessari þegar um er að ræða nauðsynleg lyf, sbr. 2. mgr., sem læknir (tannlæknir) hefur ávísað og afgreidd eru í lyfjabúð eða hjá öðrum þeim sem hafa leyfi til lyfjasölu, samkvæmt lyfjalögum nr. 93/1994 með síðari breytingum. Skilyrði er að veitt hafi verið markaðsleyfi fyrir lyfið á Íslandi, sbr. þó 13. gr.

Lyfjagreiðslunefnd, sbr. 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, ákveður hvort sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu skv. 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 á lyfjum, sem eru á markaði hér á landi. Um umsóknir markaðsleyfishafa og umboðsmanna þeirra um greiðsluþátttöku almannatrygginga fer samkvæmt reglugerð um lyfjagreiðslunefnd.

2. gr.

Greiðsla almannatrygginga á lyfjum miðast að hámarki við viðmiðunarverð, sbr. 2. mgr. þessarar greinar. Í þeim tilvikum sem smásöluverð þess lyfs, sem afgreitt er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, sbr. viðmiðunarverðskrá, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Þegar ekki er tilgreint viðmiðunarverð miðast greiðsla almannatrygginga við hámarks-smásöluverð, sbr. 3. mgr. þessarar greinar eða greiðsluþátttökuverð lyfjagreiðslunefndar, sbr. 4. mgr. þessarar greinar.

Viðmiðunarverð er lægsta hámarksverð samheitalyfja og/eða samhliða innfluttra lyfja. Lyfjagreiðslunefnd, sbr. 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, gefur út viðmiðunarverðskrá, sem birt er með lyfjaverðskrá.

Smásöluverð er hámarkssmásöluverð lyfja sem ákvarðað er af lyfjagreiðslunefnd og birtist það í lyfjaverðskrá.

Greiðsluþátttökuverð getur ýmist verið hámarksverð lyfsins eða annað verð, sem lyfjagreiðslunefnd ákveður skv. 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum. Sækja skal um greiðsluþátttökuverð til lyfjagreiðslunefndar og birtist það í lyfjaverðskrá.

Leysiefni sem nauðsynlegt er með virku inndælingarlyfi (þurrefni eða þykkni) skal greitt á sama hátt og viðkomandi inndælingarlyf.

3. gr.

Greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir hverja lyfjaávísun (ordination) skal miðast við mest 100 daga notkun, nema þegar ávísað er á lyf í eftirtöldum ATC-flokkum (lækningaflokkum; Anatomical - Therapeutical - Chemical Classification) en þá miðast greiðslan við mest 30 daga notkun:

	<u>ATC-flokkur</u>
a. Lyf við sársjúkdómi	A 02 B
b. Veirulyf	J 05 A B
c. Geðdeyfðarlyf	N 06 A B

Þegar ávísað er lyfjum í eftirtöldum ATC-flokki er heimilt að miða greiðslu Tryggingastofnunar ríkisins fyrir hverja lyfjaávísun við magn virks efnis, sem sérlyfjaskrá tilgreinir sem hámark, sem ávísa má með lyfseðli:

	<u>ATC-flokkur</u>
a. Mígrenilyf (sérhæfð serótónínvirk lyf)	N 02 C C

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt í undantekningartilvikum að gefa út skírteini sem heimilar að greiðsluþátttaka sé miðuð við 100 daga notkun eða tiltekinn fjölda pakkninga, þegar ávísað er á lyf í ofangreindum flokkum, sbr. 12. gr.

4. gr.

Hafi lyfjagreiðslunefnd samþykkt greiðsluþátttöku í lyfi, sem er í einhverjum neðantal-inna lyfjaflokka, skal Tryggingastofnun greiða það að fullu fyrir sjúkratryggða einstaklinga, sbr. þó 2. og 10. gr. Skulu lyfin auðkennd með „*“ í gildandi lyfjaskrá.

	<u>ATC-flokkur</u>
a. Sykursýkilyf	A 10
b. Cýpróterón	G 03 H A 01
c. Blóðsykurhækkandi lyf	H 04 A
d. Æxlishefjandi lyf og lyf til ónæmisbælingar eða ónæmistemperunar	L
e. Andkólnvirk lyf	N 04 A
f. Sefandi lyf (neuroleptica)	N 05 A
g. Gláku- og ljósopsprengjandi lyf	S 01 E

5. gr.

Hafi lyfjagreiðslunefnd samþykkt greiðsluþátttöku í lyfi, sem er í einhverjum neðantal-inna lyfjaflokka, skal Tryggingastofnun greiða það að hluta fyrir sjúkratryggða einstaklinga samkvæmt þeirri greiðslutilhögun, sem getið er í þessari grein og skulu lyfin auðkennd með „B“ í gildandi lyfjaskrá, sbr. þó 2. og 10. gr.

	<u>ATC-flokkur</u>
a. Lyf gegn þarmabólgu	A 07 E
b. Vítamín D og skyld lyf	A 11 C C
c. Hjartasjúkdómalyf	C 01
d. Beta-blokkarar	C 07
e. Kalsíumgangalokar	C 08
f. Lyf með verkun á renínangíótensín kerfið	C 09
g. Psoriasislyf	D 05
h. Barksterar	D 07
i. Barksterar, óblönduð lyf	H 02 A
j. Lyf við vanstarfsemi skjaldkirtils	H 03 A
k. Lyf við ofstarfsemi skjaldkirtils	H 03 B
l. Sérhæfð bólgueyðandi lyf	M 01 C
m. Geðdeyfðarlyf (antidepressiva)	N 06 A
n. Oxýklórókin	P 01 B A 02
o. Astmalyf	R 03

Greiðslutilhögun þessara lyfja skal vera sem hér segir:

Fyrir hverja lyfjaávísun greiðir sjúkratryggður einstaklingur fyrstu 1.700 kr. af smásölu-verði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 1.700 kr. greiðir sjúkratryggður 65%, en þó aldrei meira en 3.400 kr. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem á vantar, sbr. þó 2. og 10. gr.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar og börn með umönnunarkort skv. reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna skulu greiða fyrstu 600 kr. fyrir hverja lyfjaávísun. Af smásöluverði lyfsins umfram 600 kr. skulu þeir greiða

50%, en þó aldrei meira en 1.050 kr. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem á vantar, sbr. þó 2. og 10. gr.

6. gr.

Hafi lyfjagreiðslunefnd samþykkt greiðsluþátttöku í lyfi, sem ekki fellur undir ákvæði 4. og 5. gr., skal Tryggingastofnun greiða það að hluta fyrir sjúkratryggða einstaklinga samkvæmt þeirri greiðslutilhögun, sem getið er í þessari grein og skulu lyfin auðkennd með „E“ í lyfjaskrá.

Greiðslutilhögun þessara lyfja skal vera sem hér segir:

Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður einstaklingur fyrstu 1.700 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 1.700 kr. greiðir sjúkratryggður 80%, en þó aldrei meira en 4.950 kr. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem á vantar, sbr. þó 2. og 10. gr.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar og börn með umönnunarkort skv. reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna skulu greiða fyrstu 600 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 600 kr. skulu þeir greiða 50%, en þó aldrei meira en 1.375 kr. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem á vantar, sbr. þó 2. og 10. gr.

7. gr.

Hafi lyfjagreiðslunefnd samþykkt greiðsluþátttöku í lyfi, sem er í neðantöldum lyfja-flokki, skal Tryggingastofnun greiða það að hluta fyrir sjúkratryggða einstaklinga að hluta samkvæmt þeirri greiðslutilhögun, sem getið er í þessari grein þar sem miðað er við að einvörðungu sé ávísað og afgreitt lyfjamagn er svarar til 30 daga notkunar og skulu lyfin auðkennd með „C“ í gildandi lyfjaskrá:

ATC-flokkur

a) Retínóíðar til inntöku við bólum

D 10 B A 01

Greiðslutilhögun þessara lyfja skal vera sem hér segir:

Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður einstaklingur fyrstu 600 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 600 kr. greiðir sjúkratryggður 80%, en þó aldrei meira en 1.650 kr. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það, sem á vantar, sbr. þó 2. og 10. gr.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar og börn með umönnunarkort skv. reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna skulu greiða fyrstu 200 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 200 kr. skulu þeir greiða 50%, en þó aldrei meira en 460 kr. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem á vantar, sbr. þó 2. og 10. gr.

8. gr.

Hafi lyfjagreiðslunefnd ákveðið, að lyf skuli ekki greitt af almannatryggingum skal það merkt „0“ í lyfjaskrá og tekur Tryggingastofnun ekki þátt í kostnaði þeirra. Tryggingastofnun tekur ekki þátt í greiðslu lyfja sem fánleg eru í lausasölu (afgreiðslumerking „L“) og merkt eru „0“ í lyfjaskrá. Undantekningar eru:

1. Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu lyfja í þeim ATC-flokkum sem hér eru taldir ef lækni staðfestir (með upphafsstöfum sínum) á lyfseðli tiltekna ábendingu, þá er greitt skv. 6. gr. (E-merking):

C 10 A Lyf, sem lækka kólesteról og þríglýceríð; ábendingar kransæðasjúkdómur (ICD-10 flokkar; I20 – I25) og sykursýki (ICD-10 flokkar; E10 – E14).

- H 01 C A Gónadótrópínleysandi hormón; ábending legslímvilla (ICD-10 flokkur N80)
- L 02 A E 04 Triptórelín, ábending legslímvilla (ICD-10 flokkur N80) og snemmkominn kynþroski (ICD-10 flokkur E30.1)
- M 01 A H Coxib; samkvæmt leiðbeiningum landlæknisembættisins með áletruninni Cox2-La, -Lb, -Lc eða -Ld eftir atvikum á lyfseðilinn.
2. Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu lyfja í ATC-flokkum A12BA og S01XA, ef þeim er ávísað með lyfseðli, þá er greitt skv. 6. gr. (E-merking), sbr. 4. mgr. 2. gr.
 3. Tryggingastofnun er heimilt að greiða fyrir lausasölulyf (afgreiðslumerking „L“ í lyfjaskrá) með sama hætti og lyfseðilskyldar pakkningar sama lyfs eru greiddar, þegar um er að ræða eina og sömu lyfjaávísunina, sbr. 4. mgr. 2. gr.

9. gr.

Reglugerð þessi tekur einnig til lyfja sem skömmtuð eru eftir beiðni læknis. Tryggingastofnun er heimilt að greiða hlutfallslega fyrir hvert skammtað tímabil miðað við 30/100 daga notkun sbr. 2. gr. Óheimilt er að innheimta hjá Tryggingastofnun ríkisins fyrir meira magn lyfja, en það sem afhent er hverju sinni samkvæmt skömmtunarlyfseðli (7, 14 eða 30 daga skammt).

10. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði lyfseðilsskylds lyfs, sem afhent er af lyfjafræðingi í neyðartilfelli, hafi viðkomandi ekki getað náð í lækni.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði lyfseðilsskylds lyfs, sem læknir ávísar sjálfum sér til nota í starfi, til notkunar á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri hliðstæðri stofnun.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði lyfseðilsskylds lyfs, sem ávísað er skipstjóra, flugstjóra, forsvarsmanni fyrirtækis eða stofnunar, til notkunar í lyfjakistur skipa, loftfara eða í sjúkrakassa fyrirtækis eða stofnunar.

11. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, sbr. 41. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 með síðari breytingum, að semja við sjúkrastofnun um að taka að sér þann þátt sjúkratrygginga sem lýtur að greiðslu kostnaðar vegna S-merktra lyfja í gildandi lyfjaskrá, sbr. 8. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum.

12. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að gefa út lyfjaskírteini í samræmi við starfsreglur sem stofnunin setur sér:

1. Þegar sjúklingi er brýn nauðsyn að nota um lengri tíma lyf sem almannatryggingar greiða ekki („0“ merkt í gildandi lyfjaskrá) eða aðeins að hluta („E“ eða „B“ merkt í gildandi lyfjaskrá). Er þá heimilt að hækka greiðslumerkingu um einn flokk, sbr. 4.-6. gr. Greiðsla Tryggingastofnunar miðast ávallt við viðmiðunarverð, sé það til staðar, annars við hámarkssmáðlöguverð eða greiðsluþátttökuverð, sbr. 2. gr.
2. Þegar sjúklingi er brýn nauðsyn að nota að staðaldri lyf sem almannatryggingar greiða ekki („0“ merkt í gildandi lyfjaskrá) eða aðeins að hluta („E“ eða „B“ merkt í gildandi lyfjaskrá). Er þá heimilt að undanþiggja sjúkling greiðslu tiltekinna lyfja eða lyfjaflokka miðað við viðmiðunarverð, sé það til staðar, annars hámarkssmáðlöguverð eða greiðsluþátttökuverð, sbr. 2. gr. Sem dæmi má nefna sjúklinga með flogaveiki, Parkinsonsveiki, lokastigs nýrnabilun, krabbamein, alvarlega áunna eða meðfædda truflun á

kyn- og innkirtlastarfsemi eða sambærilega sjúkdóma. Þessi heimild nær einnig til vítamína vegna barna yngri en 18 ára með efnaskiptasjúkdóma þegar þau eru hluti af lífsnauðsynlegri meðferð og barna yngri en 18 ára með alvarlegan frásogsvanda sem leiðir til þess að þau þurfi mjög aukið magn vítamína.

13. gr.

Greiðslupátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í lyfjum, sem ekki hafa markaðsleyfi hér á landi, þ.m.t. stöðluðum forskriftarlyfjum lækna, en heimilt er að nota samkvæmt undanþágu, sbr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum, miðast við ákvörðun lyfjagreiðslunefndar samkvæmt 43. gr. þeirra laga.

Greiðslupátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í umræddum tilvikum skal taka mið af 4. mgr. 2. gr. eftir því sem við á.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að taka þátt í greiðslu lyfja í allt að 90 daga eftir að markaðsleyfi þeirra er útrunnið, sbr. 77. gr. reglugerðar nr. 462/2000 um markaðsleyfi fyrir sérlyf, merkingar þeirra og fylgiseðla.

14. gr.

Tilkynna skal handhöfum markaðsleyfa eða umboðsmönnum þeirra allar breytingar á reglugerð þessari, er hafa áhrif á greiðslupátttöku almannatrygginga þeirra lyfja, er markaðsleyfi þeirra taka til. Tilkynningunni skal fylgja álit sérfræðinga eða tilmæli sem breytingarnar byggjast á. Þá skulu þeim kynnt þau lagaúrræði, sem þeir geta nýtt sér samkvæmt gildandi lögum og sá frestur sem þeir hafa til þess.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast gildi 1. júní 2005. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 712/2004.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. maí 2005.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Ólafsfiarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 989/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „janúarmánaðar“ í 1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar kemur: desembermánaðar.

2. gr.

Í stað orðanna „eins mánaðar“ í 10. gr. samþykktarinnar kemur tveggja mánaða.

3. gr.

Á eftir 2. mgr. 52. gr. samþykktarinnar kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Bæjarráð fer með mál er varða atvinnulíf og uppbyggingu þess.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 61. gr. samþykktarinnar:

a. C-hluti greinarinnar verður svohljóðandi:

C. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Búfjárefnirlitsmaður*. Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
3. *Félagsmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefnd starfar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Jafnframt fer félagsmálanefnd með málefni fatlaðra samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og með þjónustuhóp aldraðra. Einnig fer nefndin með jafnréttismál samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt nr. 96/2000 og skal hún vera ráðgefandi gagnvart bæjarstjórn í mállefnum sem varða jafna stöðu og jafnrétti með konum og körlum.
4. *Sameiginleg barnaverndarnefnd*. Siglufjarðarkaupstaðar, Ólafsfjarðarbæjar og Dalvíkurkaupstaðar fer með málefni er varða barnavernd og ættleiðingar samkvæmt lögum og reglugerðum þar um. Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt samningi um kosningu og rekstur á sameiginlegri barnaverndarnefnd.
5. *Fræðslunefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
6. *Fulltrúar á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Um kosningu fulltrúa fer samkvæmt lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.
7. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
8. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
9. *Kjörstjórnir við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 15/2000.
10. *Menningar- og ferðamálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Menningar- og ferðamálanefnd skal vinna að eflingu menningar, lista og ferðaþjónustu í Ólafsfirði og vera bæjarstjórn ráðgefandi í þeim efnum. Nefndin skal fara með málefni bókasafns bæjarins skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
11. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulags- og umhverfisnefnd fer með skipulags- og byggingamál samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Jafnframt því fer hún með málefni náttúruverndarnefndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 sem og verkefni gróðurverndarnefndar samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 17/1965. Nefndin fer einnig með lögboðin verkefni umferðarnefndar skv. 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá fer nefndin með stjórn og eftirlit búfjárhalds, framkvæmd fjallskila, afréttarmál, hagagöngu, forðagæslu, eyðingu refa, minka vargfugls og sjúkdómavarnir.
12. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

13. *Stjórn Hornbrekku*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
 14. *Stjórn veitustofnana*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í stjórn hita- og vatnsveitu.
 15. *Tómstundanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Tómstundanefnd skal vinna að eflingu íþrótta- og æskulýðsstarfs í Ólafsfirði og hafa í því sambandi samráð við þá aðila sem um slík mál fjalla.
 16. *Þjónustuhópur aldraðra*. Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum. Héraðslæknir tilnefnið lækni, með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, og hjúkrunarfræðing, með þekkingu á öldrunarþjónustu, samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum og tveir fulltrúar eru skipaðir án tilnefningar. Sveitarstjórnir velja þjónustuhópnum formann úr hópi nefndarmanna.
 17. Bæjarstjórn kýs í ýmsar aðrar nefndir samkvæmt sérstökum samþykktum sínum og/eða samstarfssamningum við aðra aðila.
- b. D-hluti greinarinnar fellur brott.

5. gr.

1. mgr. 66. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Forstöðumenn ráða aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 65. gr. í samráði við sviðsstjóra eða fagnefndir þar sem það á við, enda séu stöðuheimildir fyrir hendi og ekki á annan veg mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett, og veitir þeim lausn frá störfum.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðarbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. maí 2005.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Lárus Bollason.

AUGLÝSING

um meðhöndlun leigusamninga í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga.

1. gr.

Grundvöllur færslu leigusamninga.

Leigusamninga skal meðhöndla í reikningsskilum sveitarfélaga í samræmi við lög um ársreikninga, nr. 144/1994, og samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS staðli 17.

2. gr.

Orðskýringar.

Merking eftirfarandi orða er sem hér segir í þessari auglýsingu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS staðal 17:

- a. *Leigusamningur:*
Samningur þar sem leigusali lætur af hendi til leigutaka afnotarétt af eign í umsaminn tíma í skiptum fyrir greiðslu eða raðgreiðslur.
- b. *Lágmarksleigugreiðslur:*
Greiðslur á leigutímanum sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, þjónustukostnaði og sköttum sem leigusali greiðir og leigutaki skal endurgreiða honum.
- c. *Vaxtakjör á nýju fjármagni:*
Sú vaxtaþrósent, við upphaf samningstímans, sem leigutakinn þyrfti að greiða ef hann tæki að láni nægilegt fjármagn til að kaupa eignina á sambærilegu tímabili og með sambærilegu veði.

3. gr.

Flokkun leigusamninga.

Í alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS staðli 17, er leigusamningum skipt í fjármögnunarleigusamninga (oft einnig nefndir eignarleigusamningar) og rekstrarleigusamninga. Flokkun leigusamninga ræðst af því hvernig áhættu og ávinningi sem fylgir eignarhaldi eignarinnar er skipt milli leigutaka og leigusala. Leigusamningur er flokkaður sem fjármögnunarleiga ef með honum er að verulegu leyti yfirfærð öll áhætta og ávinningur sem fylgir eignarhaldi. Leigusamningur er flokkaður sem rekstrarleiga ef með honum er ekki yfirfærð að verulegu leyti öll áhætta og ávinningur sem fylgir eignarhaldi.

Að jafnaði er litið á samning sem fjármögnunarleigusamning ef einu eða fleirum af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. Ákvæði í leigusamningnum kveður á um að eignarréttur flytjist til leigutaka í lok leigutímans.
2. Leigutaki á kauprétt á eigninni í lok leigutímans á verði sem vænta má að sé undir gangvirði þegar kauprétturinn er nýttur.
3. Leigutíminn nær yfir meginhluta af áætluðum endingartíma eignarinnar, jafnvel þótt eignarréttur flytjist ekki til leigutaka.
4. Núvirði lágmarksleigugreiðslu svarar sem næst til markaðsvirðis hinnar leigðu eignar.
5. Leigða eignin er í eðli sínu sérhæfð þannig að aðeins leigutakinn getur notað hana án mikilla breytinga.
6. Leigða eignin er svo sérhæfð að það er ekki auðvelt að finna staðgengil fyrir hana.

Sé engu ofangreindra skilyrða fullnægt er að jafnaði litið svo á að leigusamningurinn sé rekstrarleigusamningur.

4. gr.

Bókun fjármögnunarleigusamninga hjá leigutaka.

Leigutaki skal færa fjármögnunarleigu sem eignir og skuldir í efnahagsreikning sinn með fjárhæðum sem eru jafnvirði gangvirðis leigðu eignarinnar í upphafi samningstímans eða, ef þær eru lægri, með núvirði lágmarksleigu.

5. gr.

Bókun rekstrarleigusamninga hjá leigutaka.

Rekstrarleigu skal gjaldfæra í rekstrarreikningi með línulegri aðferð á leigutímanum, nema önnur aðferð gefi betri mynd af ávinningi leigutaka.

Í samræmi við 3. mgr. 42. gr. laga um ársreikninga, nr. 144/1994, skal í skýringum með ársreikningi tilgreina sérstaklega skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga sem nema verulegum fjárhæðum.

Að lágmarki skal veita upplýsingar um hvers konar eignir verið er að leigja og heildar-lágmarksleigu í framtíðinni, sundurliðað þannig að fram komi heildarlágmarksleiga innan eins árs, eftir eitt ár en innan fimm ára og eftir fimm ár.

Samtala skuldbindinga vegna rekstrarleigusamninga skal jafnframt sýnd fyrir neðan samtölu eigin fjár og skulda í efnahagsreikningi.

6. gr.

Núvirðing.

Í núvirðisútreikningi skal nota vaxtakjör á nýju fjármagni þegar samningur er gerður.

7. gr.

Önnur ákvæði.

Um þau atriði sem ekki er kveðið á um í auglýsingu þessari skal fara að alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS staðli 17.

8. gr.

Gildistaka.

Auglýsing þessi, sem sett er á grundvelli 18. gr. reglugerðar nr. 944/2000, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 4. maí 2005.

Árni Magnússon.

Lárus Bollason.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi V. áfanga Giljahverfis, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 19. apríl 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Um er að ræða breytingu á byggingarreit parhúss á lóðinni nr. 1 – 3 við Urðargil.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og hefur bæjarstjórn lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón, sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna hennar. Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 9. maí 2005.

Ármann Jóhannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559 5. júlí 2001, með áorðnum breytingum.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, er öðlist gildi við birtingu:

KAFLI III. TENGIGJÖLD.

Tengigjöld hitaveitu.

- 1.1 Tengigjöld fyrir þéttbýli.

	kr.
Tengigjald fyrir hverja 20 mm heimæð er	125.000
Fyrir hverja mælagrind umfram eina greiðast	47.500
- 1.2 Takmörkun.

RARIK er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.
- 1.3 Aukakostnaður.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, samkvæmt grein 1.1, skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.
- 1.4 Dreifbýli, frávik og breytingar.

Gjöld fyrir dreifbýli og aðrar stærðir en um getur að ofan, svo og breytingar, greiðist samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni.
- 1.5 Endurtenging.

Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimæðar. Falli notkun um heimæð niður í að minnsta kosti 5 ár, telst heimæð aflögð, og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald samkvæmt taxta H.1 fyrir hvert ár sem liðið er frá aftengingu, auk endurtengingargjalds 19.400 kr.
- 1.6 Breytingar.

Breytingar, aðrar en stækkun á heimæð, eru háðar framkvæmdaáætlun RARIK hverju sinni.
- 1.7 Annað.

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts. Heimæðar eru í eigu RARIK, en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi afnotarétt. Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. maí 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

GJALDSKRÁ

Geislavarna ríkisins fyrir árið 2005.

1. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna lögbundins eftirlits með geislatækjum og geislavirkum efnum í samræmi við 5. og 17. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir :

1.	<i>Röntgentæki:</i>	kr.
a)	Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka	37.100
	fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	12.400
b)	Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging	46.300
	fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	15.500
c)	Tölvusneiðmyndataeki	61.800
	fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	37.100
d)	Færanleg röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka	30.900
	fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	9.300
e)	Færanleg röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging	37.100
	fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	12.400
f)	Tannröntgentæki	18.500
	fyrir hvert tæki til viðbótar	7.700
g)	Iðnaðarröntgentæki	30.900
	fyrir hvert tæki til viðbótar	15.500
h)	Dýralækningaröntgentæki	30.900
	fyrir hvert tæki til viðbótar	9.300
i)	Öryggisröntgentæki	21.600
	fyrir hvert tæki til viðbótar	9.300
j)	Röntgentæki til efnarannsóknar og öryggisgæslu	18.500
	fyrir hvert tæki til viðbótar	6.200
2.	<i>Geislalækningatæki:</i>	43.300
	fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	12.400
3.	<i>Geislavirk efni, opnar geislalindir:</i>	
	Rannsóknastofa í flokki A	49.400
	Rannsóknastofa í flokki B	37.100
	Rannsóknastofa í flokki C	24.700
4.	<i>Geislavirk efni, lokaðar geislalindir:</i>	
	Nifteindalindir	30.900
	fyrir hverja nifteindalind til viðbótar hjá sama aðila	12.400
	aðrar lokaðar geislalindir	24.700
	fyrir hverja eins lind til viðbótar:	
	4 eða færri til viðbótar á sama stað	7.700
	fyrir hverja lind umfram 5 á sama stað	6.200
5.	<i>Eftirlit með geislaálagi starfsfólks:</i>	
	Filmumælingar, fyrir hverja filmu.....	510

2. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7., 9. og 20. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

1.	<i>Vegna röntgentækja til sjúkdómsgreiningar:</i>	kr.
a.	Leyfi vegna nýrra tækja	7.700
b.	Leyfi vegna breytinga á eldri búnaði	6.200

2.	<i>Vegna iðnaðar-, öryggis- og efnarannsóknatækja:</i>	kr.
	Leyfi vegna nýrra tækja og vegna breytinga	6.200
3.	<i>Vegna lokaðra geislalinda:</i>	
a.	Nifteindalindir	9.300
b.	Aðrar geislalindir	7.700
4.	<i>Vegna opinna geislalinda:</i>	
a.	Ný starfsemi	
i	Flokkur A	12.400
ii	Flokkur B	9.300
iii	Flokkur C	6.200
b.	Árleg endurnýjun:	
i	Flokkur A	6.700
ii	Flokkur B	6.200
iii	Flokkur C	4.600

3. gr.

Geislavarnir ríkisins annast innheimtu eftirlits- og leyfisgjalda. Eftirlitsgjöld önnur en vegna eftirlits með geislaálagi starfsfólks falla í gjalddaga 15. dag næsta mánaðar eftir útgáfu eftirlitsskýrslu. Leyfisgjöld falla í gjalddaga 15. dag næsta mánaðar eftir útgáfu leyfis.

Eftirlitsgjöld vegna eftirlits með geislaálagi starfsfólks á árinu 2004 falla í gjalddaga 1. maí 2005.

4. gr.

Eigandi eða ábyrgðarmaður getur óskað eftir aukaeftirliti og skal þá greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða. Þurfi Geislavarnir ríkisins að endurtaka eftirlit vegna athugasemda sem gerðar voru við reglubundið eftirlit skal greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

5. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald sem nemur 6.180 kr./klst. fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum.

6. gr.

Eftirlits- og leyfisgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 15.300. Fyrir hverja yfirlýsingu um geislavirkni sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.600.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 19. gr. laga nr. 44/2002 um Geislavarnir ríkisins, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 2005 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 3. maí 2005.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

REGLUR

um takmörkun á fjölda nemenda við innritun í Háskólann á Akureyri.

1. gr.

Auðlindadeild.

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

Fjöldi nýrra nemenda í auðlindadeild á 1. námsári takmarkast við töluna 75.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Undirbúningi í stærðfræði og raungreinum.
- b) Meðaleinkunn á stúdentsprófi.
- c) Viðtölum ef þurfa þykir.

2. gr.

Félagsvísinda- og lagadeild.

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

Fjöldi nýrra nemenda í félagsvísinda- og lagadeild á 1. námsári takmarkast við töluna 110. Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Undirbúningi í íslensku, ensku, greinandi hugsun og í félagsvísindaskor stærðfræði.
- b) Viðtölum ef þurfa þykir.

3. gr.

Heilbrigðisdeild.

Fjöldi nemenda í hjúkrunarfræði á 1. námsári sem hefja nám á vormisseri 2006 takmarkast við töluna 34.

Fjöldi nemenda í iðjuþjálfun á 1. námsári sem hefja nám á vormisseri 2006 takmarkast við töluna 18.

Reglur um val á nemendum til náms í hjúkrunarfræði og iðjuþjálfun við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri verða auglýstar sérstaklega í Stjórnartíðindum.

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

4. gr.

Kennaradeild.

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

Fjöldi nýrra nemenda í kennaradeild á 1. námsári takmarkast við töluna 140.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Undirbúningi í íslensku, ensku og stærðfræði.
- b) Viðtölum ef þurfa þykir.

5. gr.

Viðskiptadeild.

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

Fjöldi nýrra nemenda í viðskiptadeild á 1. námsári takmarkast við töluna 100.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Undirbúningi nemenda í stærðfræði, ensku og hagfræðigreinum.
- b) Meðaleinkunn á stúdentsprófi.
- c) Viðtölum ef þurfa þykir.

6. gr.

Upplýsingatæknideild.

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

Fjöldi nýrra nemenda í upplýsingatæknideild á 1. námsári takmarkast við töluna 35.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Undirbúningi í stærðfræði, greinandi hugsun og ensku.
- b) Viðtölum ef þurfa þykir.

7. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 4. gr. laga um Háskólann á Akureyri nr. 40/1999 gilda fyrir háskólaárið 2005-2006.

Háskólanum á Akureyri, 15. apríl 2005.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
varaforseti háskólaráðs.*

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 888/1999 fyrir Háskólann á Akureyri.

1. gr.

5. mgr. 12. gr. orðast svo:

Heimilt er að flytja kennara úr lektorsstöðu í dósentstöðu og úr dósentstöðu í prófessorsstöðu samkvæmt reglum um framgangskerfi sem háskólaráð setur. Samþykki deildarforseti slíka hækkun ber háskólaráði að sjá svo til að umsóknir sæti þeirri meðferð sem kveðið er á um í lögum nr. 40/1999.

2. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 15. apríl 2005.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
varaforseti háskólaráðs.*

4. maí 2005

Nr. 466

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 857/1999, um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota efni, efnavörur eða vörur sem innihalda 0,1% eða meira af efnum sem talin eru upp í 6. viðauka.

Bann skv. 1. mgr. nær ekki til notkunar vöru (hluta) ef hún inniheldur dífenýleter, pentabrom- eða oktabrómafleiðu.

Til 31. mars 2006 nær bann skv. 1. mgr. ekki til notkunar dífenýleter, pentabrómafleiðu, í útbúnað fyrir neyðarrýmingu flugvéla.

Bann skv. 1. mgr. tekur ekki til dí-μ-oxó-dí-n-bútýltinhýdroxýbóran (DBB), ef það er notað við framleiðslu annarrar vöru þannig að innihald DBB í fullunninni vöru verði minna en 0,1%.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. og 29. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun 2004/98/EB, um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun á pentabromdífenýleter í útbúnað fyrir neyðarrýmingu flugvéla svo aðlaga megji I. viðauka að tæknilegum framförum, sem vísað er til í 4. tl. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2005, þann 12. mars 2005.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 4. maí 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUR

**um breytingar á reglum nr. 389/2004 um takmörkun á fjölda þeirra
sem hefja nám á vormisseri 2006 á 1. námsári í hjúkrunarfræði
við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri.**

1. gr.

Fjöldi þeirra nemenda sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði á árinu 2006 við heilbrigðisdeild miðast við grunntöluna 34.

2. gr.

Reglur þessar, þannig samþykktar af háskólaráði 15. apríl 2005, skv. lögum nr. 40/1999, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 15. apríl 2005.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
varaforseti háskólaráðs.*

